BASKERVILLE HUNDURINN

ARTHUR CONAN DOYLE

REAL READS

Friðrik Erlingsson þýddi endursögn Tony Evans

Myndskreytingar eftir Felix Bennett

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

Skóli			Bók nr. Tekin í notkun	
Nemandi/bekkur	Útlán: dags.	Ástand	Skil: dags.	Ástand

1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
   N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

BASKERVILLE HUNDURINN

ARTHUR CONAN DOYLE

www.realreads.co.uk

Friðrik Erlingsson þýddi endursögn Tony Evans
Myndskreytingar Felix Bennett

NÁMSGAGNASTOFNUN

Baskerville hundurinn

ISBN 978-9979-0-1549-9
© Real Reads. Titill á frummáli: The Hound of the Baskerville
© stytting á enskum texta: Tony Evans
© myndir: Felix Bennett
© Íslensk þýðing og staðfæring: Friðrik Erlingsson 2011
Ritstjóri íslensku þýðingarinnar: Sigríður Wöhler
Yfirlestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2011
Námsgagnastofnun, Kópavogi

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda, þýðanda og útgefanda.

Hönnun: Lucy Guenot
Umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Oddi ehf, umhverfisvottuð prentsmiðja

YFIRLIT

Persónur 4

Baskerville hundurinn 7

Meira um söguna 55

PERSÓNUR

Sherlock Holmes
Tekst hinum fræga og bráðsnjalla leynilögreglumanni að leysa ráðgátuna um hundinn ógurlega?

Watson læknir
er traustur vinur Sherlocks Holmes. Hvað uppgötvar hann í heimsókn sinni til Devonhéraðs?

Herra Henry Baskerville
hefur erft Baskerville setrið og er reiðubúinn að horfast í augu við hvaða ógnir sem er. En mun gæfan ef til vill snúa við honum baki?

Mortimer læknir

er ungur sveitalæknir sem fær fyrsta fórnarlamb hundsins til rannsóknar. Gætu niðurstöður hans komið í veg fyrir annan dauðdaga?

Herra Stapleton

er ákafur fiðrildasafnari sem býr nálægt Baskerville setrinu. Hvaða vitneskju geymir hann um skepnuna hryllilegu sem ráfar um heiðarnar?

Ungfrú Stapleton

er heillandi og fögur stúlka. En hvers vegna er hún alltaf svo óttaslegin?

Barrymore

hefur verið bryti á Baskerville setrinu í mörg ár. Hvaða skuggalega leyndarmáli býr hann yfir?

BASKERVILLE HUNDURINN

Sherlock Holmes teygði sig yfir morgunverðarborðið og greip um handfangið á silfurslegnu kaffikönnunni.

„Gestur okkar kemur á hverri stundu, Watson“, sagði hann við mig. „Hvað skyldi Mortimer lækni liggja á hjarta?“

Dyrabjallan klingdi og ráðskona okkar fylgdi ungum herramanni inn í stofuna. Hann var hávaxinn og grannur, með langt nef sem minnti á fuglsgogg, og hvoru megin við það sátu skörp grá augu sem ljómuðu á bakvið gullspangargleraugun.

„Mortimer læknir, leyfið mér að kynna yður fyrir vini mínum og samstarfsmanni, Watson lækni,“ sagði Holmes. „Fáið yður sæti og ég skal losa yður við göngustafinn.“

Á meðan ég hellti kaffi í bolla fyrir Mortimer lækni dró Holmes upp stækkunargler og rannsakaði stóra göngustafinn af mikilli nákvæmni. „Hafið þér skilið hundinn yðar eftir heima í dag?“ spurði hann.

Gestur okkar leit upp með undrunarsvip. „Hann er niðri í anddyri hjá ráðskonu yðar, herra Holmes. En hvernig í ósköpunum vissuð þér að ég ætti hund?“

Holmes brosti. „Barnaleikur, kæri læknir. Svarið blasir við. Göngustafurinn er alsettur tannaförum. Hundinum hefur augljóslega verið kennt að bera hann fyrir eiganda sinn. En snúum okkur nú að erindi yðar við okkur hér í dag.“

Mortimer læknir horfði áhyggjufullur á Holmes. „Það er ráðgáta sem erfitt er að útskýra. Eins og þér vitið er ég héraðslæknir í afskekktum hluta Dartmoor, skammt frá Baskerville setrinu. Til að útskýra þetta mál væri ef til vill best að ég segði yður fyrst gamla þjóðsögu úr héraðinu.“

Holmes samþykkti það og Mortimer læknir hóf frásögn sína. „Þjóðsagan er frá tímum Charles konungs I, frá því fyrir tvöhundruð og fimmtíu árum síðan. Þá var Baskerville setrið í eigu herra Hugo Baskerville, sem var grimmur og guðlaus maður. Eina óveðursnótt rændi herra Hugo og hinir illræmdu félagar hans ungri bóndadóttur úr nágrenninu. Herra Hugo læsti hana inni í herbergi

á Baskerville setrinu en henni tókst að sleppa út um glugga og flýja út á heiðina. Hugo varð óður af bræði þegar hann komst að þessu, sleppti veiðihundum sínum lausum og reið á harða stökki á eftir henni.“

„Hvað með félaga hans?“ spurði ég. „Reyndu þeir ekki að stöðva hann?“

„Þeir riðu á eftir honum,“ svaraði gestur okkar, „en þegar þeir fundu herra Hugo blasti við þeim hræðileg sjón. Stúlkan lá milli tveggja steindranga, dáin úr hræðslu. En skammt frá stóð



risastór biksvört skepna, líkust hundi, en þó miklu stærri en nokkur hundur sem mennskt auga hafði áður litið. Skepnan hafði bitið Hugo Baskerville á barkann. Þegar dýrið gerði sig líklegt að ráðast að félögum hans, með logandi augu og blóðugan kjaft, æptu þeir af skelfingu, sneru hestunum í ofboði og riðu eins hratt og þeir gátu til baka. Síðan þetta gerðist hafa margir úr Baskerville fjölskyldunni látist skyndilega og stundum með óútskýranlegum hætti.“

„Þetta er áhugaverð saga – fyrir þá sem hafa gaman af ævintýrum!“ sagði Holmes.

Mortimer læknir dró blaðaúrklippu úr vasa sínum. „Kannski er það bara ævintýri, herra Holmes. En hér er nýleg frásögn úr dagblaði

Devon sýslu, frá 14. júní á þessu ári. Hér segir aðeins af staðreyndum um dauða herra Charles Baskerville, sem lést nokkrum dögum áður.

Herra Charles Baskerville finnst látinn

Herra barónett, Charles Baskerville, fannst látinn skammt frá heimili sínu, Baskerville setrinu, þann 4. júní síðastliðinn. Hann var eigandi Baskerville jarðarinnar á Dartmoor.

Við réttarrannsókn á þessum sorgaratburði var kviðdómi skýrt frá því að sama kvöld og hann lést hefði herra Charles farið í kvöldgöngu, eins og hann var vanur, eftir hinum fræga Furustíg við Baskerville setrið. Þegar hann hafði ekki skilað sér heim um miðnætti fór bryti setursins, Barrymore, að leita hans. Barrymore fann herra Charles látinn við enda stígsins og lét þegar kalla eftir Mortimer lækni. Við rannsóknina tjáði Mortimer læknir kviðdómi að herra Charles hefði verið hjartveikur í nokkurn tíma. Læknirinn skýrði einnig frá því að þegar hann rannsakaði líkið hefði andlit herra Charles verið afmyndað, líkt og hann hefði þjáðst mikið á dauðastund. Engin merki um ofbeldi fundust á líkinu, svo kviðdómur komst að þeirri niðurstöðu að heiftarlegt hjartaáfall hefði orðið herra Charles að aldurtila.

Baskerville jörðin gengur í arf til herra Henry Baskerville, sem býr í Kanada, og er sonur yngri bróður Charles Baskerville. Hinn nýi barónett, herra Henry Baskerville, hefur þegar fengið allar upplýsingar og er nú væntanlegur til Englands.

Mortimer læknir braut úrklippuna saman og setti hana aftur í vasann.

„Þetta eru hinar opinberu staðreyndir um dauða herra Charles Baskerville, herra Holmes.“

„En hverjar eru hinar óopinberu staðreyndir?“ spurði Holmes.

Mortimer læknir sneri sér að okkur og hóf sögu sína. „Ég var náinn vinur herra Charles Baskerville. Það eru fáir menntaðir menn búsettir á þessum hluta heiðarinnar, fyrir utan herra Stapleton, vísindamann og fiðrildasafnara, sem býr skammt frá. Herra Charles hafði í nokkurn tíma verið áhyggjufullur og órólegur. Hann trúði staðfastlega á hina fornu þjóðsögu og var sannfærður um að hræðileg örlög biðu fjölskyldunnar.

„Nóttina sem herra Charles lést hafði bryti hans, Barrymore, sá sem fann líkið, sent hestasveininn Perkins að sækja mig. Þegar ég kom að Baskerville setrinu sá ég herra Charles liggja dauðan á stígnum. Andlit hans var afmyndað af skelfingu. Það voru engin merki um

neina líkamlega áverka. En Barrymore hafði ekki sagt allan sannleikann við réttarhöldin. Hann sagði að engin önnur spor hefðu sést í grennd við líkið. Hann hafði kannski ekki orðið þeirra var. En ég tók eftir þeim um leið, skamman spöl frá, þau voru fersk og mjög skýr.“

„Fótspor?“ spurði Holmes.

„Já, fótspor.“

„Karlmanns eða kvenmanns?“

Mortimer læknir horfði á okkur með einkennilegu augnaráði og rödd hans varð að hvísli:

„Það voru fótspor eftir risastóran hund, herra Holmes.“

Ég verð að játa að við þessi orð rann mér kalt vatn milli skinns og hörunds.



„En herra minn, þér trúið þó ekki að örsökin að dauða herra Charles Baskerville eigi sér einhverjar yfirnáttúrulegar skýringar?“ spurði ég.

„Ég er ekki viss um hverju ég eigi að trúa, Watson læknir. Herra Charles lést af völdum heiftarlegs hjartaáfalls. En svo mikið veit ég að áður en sá hörmulegi atburður átti sér stað hafði fólk orðið vart við einhverja skepnu á

heiðinni, sem virtist líkjast Baskerville djöflinum úr þjóðsögunni; skepnu sem gat alls ekki verið af neinni þekktri dýrategund. Lýsingum allra bar saman; þau sögðu að dýrið væri risastórt, sjálflýsandi, hryllilegt ásýndar og líkast vofu.“

Holmes gat ekki varist hlátri. „Ef til vill ættuð þér frekar að leita ráða hjá presti en leynilögreglumanni!“

„Það má vera,“ svaraði Mortimer. „En hvað sem því líður þá á ég að hitta nýja barónettinn, herra Henry Baskerville, síðar í dag. Hann er nýkominn til London frá Kanada og ég yrði afskaplega þakklátur ef þér gætuð hitt hann í fyrramálið. Við mundum báðir meta það mikils.“

Mortimer læknir og herra Henry komu stundvíslega næsta morgun í íbúð okkar að Baker stræti 221b. Herra Henry var lágvaxinn maður, snöggur upp á lagið, með dökk augu, um það bil þrítugur, sterklega byggður með þykkar svartar augabrúnir og andlit sem lýsti festu og einurð. Hann var í dökkrauðum ullarjakkafötum og hafði

hraustlegt yfirbragð, enda mikill útivistarmaður.

„Ég óska yður til hamingju með arfinn, herra Henry,“ sagði Holmes. „Ég geri ráð fyrir að engir aðrir úr fjölskyldunni hafi gert tilkall til Baskerville eignarinnar?“

„Enginn, herra Holmes. Ég er eini eftirlifandi erfingi Baskerville fjölskyldunnar. Herra Charles var elstur þriggja bræðra. Annar bróðirinn, faðir minn, dó þegar ég var mjög ungur. Yngsti bróðir herra Charles Baskerville, Roger Baskerville, hefði erft jörðina ef hann hefði lifað. En hann lést í Suður Ameríku fyrir nokkrum árum síðan. Hann var barnlaus.“

„Hefur Mortimer sagt yður þjóðsöguna um hundinn og frá fótsporunum dularfullu sem

fundust nálægt líki föðurbróður yðar?“ spurði Holmes.

„Það hefur hann gert, herra minn. Og ég get fullvissað yðar um það, herra Holmes, að hvorki djöfullinn í helvíti né nokkur lifandi maður skal koma í veg fyrir að ég flytji að Baskerville setrinu og taki við arfleifð minni.“

Holmes kinkaði kolli. „Ég dáist að hugrekki yðar en engu að síður liði mér betur ef þér gætuð hugsað yður að gera mér tvo greiða. Í fyrsta lagi að lofa mér því að Watson læknir, félagi minn, fái að verða Mortimer og yður samferða að Baskerville setrinu. Ég get því miður ekki farið frá London eins og stendur, þar sem áríðandi mál bíða úrlausnar, en Watson mun senda mér skýrslu reglulega. Og í öðru lagi, að heita mér því að þér farið ekki á heiðina eftir myrkur.“

Herra Henry samþykkti skilmála Holmes og við sammæltumst um að hittast við brautarstöðina næsta morgun.

Þegar barónettinn var á förum sagði hann hlæjandi. „Meðal annarra orða, herra Holmes, þar

sem þér eruð heimsfrægur leynilögreglumaður, þá gætuð þér ef til vill leyst ráðgátuna um hvað orðið hefur af svarta stígvélaskónum mínum! Annar skórinn hvarf úr hótelherberginu. Ég get ekki ímyndað mér hvaða gagn þjófurinn getur haft af stökum skó!“

Holmes varð íhugull á svip, en svaraði engu.

Næsta morgun hitti ég herra Henry Baskerville og Mortimer lækni á brautarstöðinni, og ferð okkar til Devonhéraðs var ánægjuleg og tók skamman tíma.

Við fórum úr lestinni á lítilli stöð við heiðardrögin en héldum svo ferðinni áfram í hestvagni. Eftir svolítinn akstur framhjá grænum ökrum og frjósömum engjum tók hrjóstrugra landslag við.

„Þá sjáið þér loks hvernig Dartmoore lítur út, herra Henry,“ sagði Mortimer læknir.

Framundan blasti víðátta heiðarinnar við okkur, grá og drungaleg en í fjarska risu ógnandi steindrangar uppi á hólum og hæðum. Þetta var eins og undralandslag sem ber fyrir í draumi. Hrollkaldur vindur skall á okkur og vegurinn framundan varð æ verri yfirferðar.

Er við ókum hjá grjóthæð, sem stóð nálægt veginum, sáum við hóp manna, klædda einkennisbúningum og með riffla í hönd. Þeir stóðu uppi á hæðinni og skyggndust í allar áttir. Mortimer læknir stöðvaði vagninn og spurði þá hverju þetta sætti.

„Haldið bara áfram ferðinni, herrar mínir,“ svaraði einn þeirra. „Við erum að leita að hættulegum glæpamanni sem strauk úr Dartmoor fangelsinu – Selden, heitir hann, kallaður Notting Hill morðinginn. Við höfum leitað hans án árangurs í nokkra daga en hann endist varla lengur úr þessu á heiðinni, án matar og húsaskjóls.“

Skömmu síðar komum við að Baskerville setrinu, fornri steinbyggingu þar sem bergfléttan hafði fengið að vaxa óáreitt upp eftir veggjunum en háa skorsteina bar við himin. Brytinn Barrymore og konan hans, ráðskona setursins, tóku á móti okkur. Þegar Mortimer hafði kvatt og haldið heim á leið, fylgdi Barrymore okkur inn í setustofuna. Þar náðum við úr okkur hrollinum við snarkandi arineld á meðan brytinn og kona hans elduðu kvöldverð handa okkur.

„Herra Watson, ég þykist vita að yður standi á sama þótt ég noti morgundaginn til að fara yfir fjármál setursins með Barrymore," sagði herra Henry.

Ég tjáði honum að það myndi henta mér vel að kanna nánasta umhverfi setursins, á meðan hann glöggvaði sig á þeim nýju skyldum, sem arfurinn hafði lagt á herðar hans.

Það var eftir morgunverð að herra Henry afhenti Barrymore fataböggul. Það voru föt sem hann hafði klæðst í London en þurfti ekki lengur á að halda. „Nú þegar ég er alkominn í sveitina er best að klæða sig í samræmi við það!" sagði hann. „Ég vona að þér

njótið morgungöngunnar, Watson læknir.“

Ég fylgdi Furustíg frá Baskerville setrinu og áður en varði sveigði stígurinn inn á heiðina. Þegar leið mín lá um drungalegt dalverpi á milli tveggja steindranga, sá ég mann á hlaupum. Hann var lágvaxinn og grannur, skegglaus, ljóshærður og holdskarpur í andliti, á milli þrítugs og fertugs, klæddur gulum jakkafötum með stráhatt á höfði og sveiflaði fiðrildaháfi.

„Leyfið mér að kynna mig, Watson læknir,“ sagði hann. „Ég heimsótti Mortimer fyrr í dag og hann sagði að þér væruð gestur á Baskerville setrinu. Ég heiti Stapleton. Það myndi gleðja hana systur mína að hitta yður, ef þér hafið tíma til að fylgja mér heim að Merripit húsi.“

Ég þáði hið góða boð Stapletons og fylgdi honum eftir mjóum slóða er lá yfir hrjóstruga heiðina. Skammt frá kom ég auga á skærgræna grasbletti í miðri grjótauðninni.

„Hér væri gaman að spretta úr spori á góðum hesti!“ sagði ég.

Stapleton hristi höfuðið. „Það héldu ýmsir aðrir á undan yður en það kostaði þá lífið,“ sagði hann. „Þetta er hin víðáttumikla Grimpen mýri. Það er aðeins örþunn skán af grænum jarðvegi sem flýtur ofan á hyldýpinu – og hver sem stígur þar fæti er horfinn á svipstundu. Gætið þess að stíga ekki út fyrir þennan slóða, kæri læknir, og þá er yður óhætt.“

Við höfðum ekki gengið lengi þegar undarlegt hljóð bergmálaði yfir heiðina. Langdregið, dimmróma væl ómaði um loftið en það var ómögulegt að átta sig á hvaðan það barst.

„Hvað er þetta?“ hrópaði ég.

Stapleton leit á mig með sérkennilegu augnaráði.

„Heiðin er skrýtinn staður.“ sagði hann.

„En hvað var þetta?“

„Fólkið hér á heiðinni segir að þetta sé gólið í Baskerville hundinum, þegar hann hefur fundið þefinn af bráð sinni.“

Ég leit yfir sléttuna umhverfis og skærgræna mýrina og það fór um mig undarlegur hrollur. Engin hreyfing var sjáanleg á víðáttunni, fyrir utan tvo hrafna sem skræktu ofan af steindrangi fyrir aftan okkur.

„En þér eruð menntaður maður,“ sagði ég. „Þér trúið þó ekki á þess háttar vitleysu? Hver haldið þér að orsökin sé fyrir þessum furðulegu hljóðum?“

„Kannski það sé sefþvarinn,“ svaraði Stapleton. „Það er afar sjaldgæfur fugl sem gefur einmitt frá sér djúpróma kall – nánast útdauður á Englandi

núorðið en ef til vill hafa nokkur pör lifað af hér á heiðinni.“

Þessi útskýring sannfærði mig ekki og það var ekki laust við að ég grunaði Stapleton um að vita meira en hann léti uppi.

Þegar Merripit húsið var loks í augsýn tók vísindamaðurinn skyndilega á rás með fiðrildaháfinn á lofti og hljóp einsog fætur toguðu út í urðina. Hann hafði komið auga á skrautlegt fiðrildi, áreiðanlega mjög sjaldgæfa tegund. En um leið og hann var þotinn opnuðust dyrnar á húsinu og ung kona hljóp í áttina til mín. Ég áttaði mig strax á að þetta hlaut að vera systir Stapletons, þótt hún bæri ekki nokkurn svip af bróður sínum. Hún var grönn og hávaxinn, fáguð í fasi með ólífubrúna húð og biksvart hár. Á meðan hún nálgaðist gaut hún augunum á eftir bróður sínum.

„Flýtið yður í burtu!“ sagði hún. „Farið strax aftur til London!“

Áður en mér gafst færi á að spyrja hvað hún ætti við, var Stapleton kominn til okkar.

Ungfrú Stapleton sneri sér að honum og mér sýndist hún þurfa að taka á öllu sínu til að virðast róleg. „Ég var bara að bjóða herra Henry velkominn í sveitina,“ sagði hún.

„Yður skjátlast, ungfrú,“ sagði ég. „Ég er Watson læknir, vinur herra Henrys.“

Henni virtist brugðið. Hún varð áhyggjufull og vandræðaleg þegar hún áttaði sig á mistökum sínum. En ég lét sem ekkert væri. Þegar ég var aftur kominn á Baskerville setrið, síðar um daginn, velti ég fyrir mér hvers vegna henni væri svo annt um að herra Henry kæmi sér sem fyrst á brott. Vissi hún eitthvað meira um dauða herra Charles Baskerville, eða hin undarlegu hljóð á heiðinni? Sama kvöld skrifaði ég skýrslu til Sherlock Holmes, sem var enn í London, og lýsti öllu nákvæmlega sem ég hafði heyrt og séð. Það var ekki laust við að ég efaðist um að jafnvel hann gæti komist að sannleikanum um þessa dularfullu atburði, þótt rökhugsun hans væri nánast óskeikul.

Það leið ekki á löngu áður en Henry Baskerville var kynntur fyrir Stapleton systkinunum og næstu daga á eftir fór hann reglulega í heimsókn til þeirra. Það var augljóst að hann hreifst mjög af hinni fögru systur Stapletons og mér fannst ekki ólíklegt að innan tíðar yrði hún nýja húsfreyjan á Baskerville setrinu.

Dag einn þegar Henry kom frá Merripit húsi var hann í miklu uppnámi.

„Ég bara skil þetta ekki, Watson!“ sagði hann. „Eins og þér vitið er ég orðinn mjög hrifinn af fröken Stapleton. Svo í dag, þegar við höfðum gengið um stund á heiðinni, bað ég hana um að giftast mér. En þá varð hún skelfingu lostin og grátbað mig um að yfirgefa Devonhérað nú þegar og snúa aftur til London! Þegar svo Stapleton birtist sagði ég honum að ég hefði beðið um hönd systur hans. Þá brást hann hinn versti við, fölnaði af bræði og hreytti í mig fúkyrðum. Hvað gengur eiginlega að manninum? Og hvers vegna er systur hans svona umhugað um að ég yfirgefi

Baskerville setrið? Auðugur maður í minni stöðu ætti að vera nógu boðlegur eiginmaður, ef henni líst á mig á annað borð!“

Ég gat ekki gefið Henry nein svör við þessum vangaveltum en grunur minn styrktist um að eitthvað undarlegt ætti eftir að koma í ljós varðandi Stapleton og þó frekar varðandi systur hans. Síðar um daginn skrifaði ég ítarlega skýrslu til Sherlock Holmes um þessa atburði.

Alla jafnan á ég auðvelt með að sofna en nokkrum dögum eftir síðustu viðburði átti ég erfitt með að festa svefn því ég var ásóttur órólegum draumum um hundinn á heiðinni. Um klukkan tvö um nóttina hrökk ég upp við fótatak á ganginum fyrir utan svefnherbergisdyrnar. Ég læddist að dyrunum og opnaði þær varlega. Langur skuggi af manni liðaðist eftir veggnum á ganginum. Maðurinn hélt á logandi kerti og gekk hljóðlega í átt frá herbergi mínu. Ég gat aðeins greint útlínur hans en hann var það hávaxinn að þetta gat ekki verið neinn annar en Barrymore. Hvaða leynibrugg var hér á seyði?

Þegar hann hvarf inn í eitt af auðu svefnherbergjunum við enda gangsins, flýtti ég mér að vekja herra Henry. Það tók bara augnablik að útskýra fyrir honum hvað ég hafði séð. Síðan læddumst við að herberginu sem Barrymore hafði farið inn í. Við opnuðum dyrnar hægt og hljóðlega. Barrymore stóð við gluggann sem vísaði út á heiðina. Hann hélt á kertinu í hendi sér og hreyfði það fram og aftur líkt og hann væri að gefa einhverjum merki. Þegar við stigum inn í herbergið sneri hann sér í ofboði og var augljóslega illa brugðið.

Herra Henry krafði hann tafarlaust um skýringar en hann neitaði að svara.

„Ekki spyrja mig, herra minn! Ekki spyrja mig! Það er leyndarmál sem ég hef ekki leyfi til að segja frá!“ hrópaði hann.

Í þann mund sem barónettinn var að því kominn að hóta honum tafarlausri uppsögn, kom frú Barrymore hlaupandi inn í herbergið, með hárið úfið og hafði varla náð að vefja baðsloppinn utan yfir náttkjólinn. Hún útskýrði nú, með grátstafinn í kverkunum, hvernig í öllu lá.

„Hann gerði þetta fyrir mig, herra Henry – eða réttara sagt fyrir bróður minn – glæpamanninn Seldon.“

Frú Barrymore sagði nú frá því að glæpamaðurinn sem væri í felum á heiðinni, væri í raun bróðir hennar. Hún og maður hennar höfðu séð honum fyrir mat og fatnaði, sem hann sótti þegar þau gáfu honum merki úr glugganum.

„Ég ásaka þig ekki fyrir að rétta ættingja þínum hjálparhönd,“ sagði herra Henry. „Ég mun ekki tilkynna yfirvöldum um aðstoð ykkar við hann – en þú mátt ekki ætlast til þess að ég hjálpi honum að komast hjá handtöku.“

Þegar hjónin yfirgáfu herbergið sneri Barrymore sér að herra Henry. „Að launum fyrir góðvild yðar, kæri herra, eru hér upplýsingar sem gætu komið yður að gagni. Seldon sagði konu minni að hann væri ekki eini maðurinn í felum á heiðinni. Hann sagðist hafa orðið var við hávaxinn mann nokkrum sinnum, að vísu úr nokkrum fjarska en þóttist viss um að hann héldi til í steinbyrgjunum fornu fyrir neðan Vixen dranginn.“

Ég ákvað að leita þennan aðkomumann uppi einn míns liðs, frekar en hafa herra Henry með í för, þar sem líf hans gæti verið í hættu. Þegar ég hafði fullvissað mig um að hann væri upptekinn yfir reikningum setursins, lagði ég af stað síðdegis og stefndi að hinum fornu steinbyrgjum.

Þegar á gönguna leið hrönnuðust þokubakkar upp á sjóndeildarhringnum og í mistrinu greindi ég útlínur hins hrikalega Vixen steindrangs. Kuldalegt umhverfið og einmanaleiki heiðarinnar, í bland við þá dularfullu ráðgátu sem hugur minn glímdi við, fyllti mig kvíða.

Í þröngum dalskorningi fyrir neðan mig blöstu steinbyrgin við. Á einu þeirra voru enn leifar af þaki, sem gat gefið skjól fyrir veðri og vindum. Þetta hlaut að vera felustaðurinn sem hinn dularfulli aðkomumaður hafði valið sér.

Taugar mínar voru þandar til hins ýtrasta þegar ég nálgaðist byrgið. Ég fleygði smávindlinum frá mér hálfreyktum, þétti takið um skammbyssuna og ruddist inn. Byrgið var mannlaust en á gólfinu rak ég augun í hálfan brauðhleif, tómar niðursuðudósir og grófgerða strámottu, svo hér hafði einhver augljóslega dvalið um tíma. Ég kom mér fyrir og beið langa stund þar til rökkrið lagðist yfir heiðina. Þá loksins heyrði ég fótatak á stígnum: hinn dularfulli aðkomumaður nálgaðist óðfluga.

„Þetta er nú meira indælis kvöldið, kæri Watson," sagði glaðleg og afar kunnugleg rödd. „Það er miklu notalegra að vera hérna úti en hírast inni í kofanum."

Þegar ég kom út var mér brugðið að sjá engan annan en Sherlock Holmes standa fyrir framan mig.

„Hvernig í ósköpunum vissir þú að ég væri hér inni?“ spurði ég. „Og hvernig stendur eiginlega á því að þú ert hér á heiðinni, þegar ég er búinn að vera að senda þér bréf til London reglulega?“

Holmes brosti. „Svarið við fyrri spurningu þinni er afar einfalt. Þegar ég kom auga á hálfreykta smávindilinn á stígnum, af sömu tegund og þú reykir – sem þú hefur efalaust

fleygt frá þér í flýti þegar þú ruddist inn í byrgið – vissi ég að Watson vinur minn væri ekki langt undan! En seinni spurningin krefst örlítið ítarlegri skýringar.“

Holmes baðst afsökunar á því að hafa farið á bakvið mig. Hann sagði mér að skömmu eftir að ég hefði farið frá London hafði hann fylgt mér eftir á laun til Dartmoor, svo hann gæti gert athuganir sínar án þess að nokkur yrði hans var.

„Skýrslurnar þínar voru frábær hjálp og hreint ekki til einskis, Watson – ég lét áframsenda bréfin frá þér á pósthúsið í þorpinu, skammt frá Baskerville setrinu, þangað sem ég sótti þau. Lýsing þín á Stapleton systkinunum og athöfnum þeirra vakti umsvifalaust grun minn. Síðan þá hef ég komist að því að Stapleton var í London sama dag og herra Henry kom til borgarinnar frá Kanada. Það var hann sem bar á byrgð á hinu dularfulla stígvélahvarfi barónettsins. Það sem meira er þá hef ég komist að því að fröken Stapleton er hreint ekki systir Stapletons – hún er eiginkona hans!“

„Eiginkona!“ hrópaði ég. „Það útskýrir æði margt. En hvað gengur honum til? Hvað græðir hann á svona skuggalegu leynimakki?“

„Hægan, kæri Watson. Enn eru örfá atriði óljós. Stapleton er með hættulegt ráðabrugg í bígerð og áður en langt um líður munum við komast að leyndarmálinu – en hvað var þetta!“

Hræðilegt vein barst til okkar ofan af drungalegri heiðinni. Öskrið var svo skelfilegt að blóðið fraus í æðum mér.

„Holmes!“ hvíslaði ég. „Hvað er þetta? Hvað gengur á?“

Aftur bergmáluðu ópin í rökkurkyrrðinni, mun hærri í þetta sinn og þau virtust vera nær. Og það var annað hljóð sem rann saman við ópin, leikandi dimmróma gjamm en um leið ofsafengið og hryllilegt.

„Hundurinn!“ hrópaði Holmes. „Flýtum okkur, Watson, fljótur! Guð forði að við verðum of seinir!“

Við hlupum áfram, blindaðir af rökkrinu og rákumst utan í steindranga, ruddumst yfir runnaþykkni, sentumst upp eftir hæðum, móðir og másandi og renndum okkur fótskriðu niður eftir malarhólum. Við skimuðum í kringum okkur en rökkrið var orðið að þéttu myrkri og engin hreyfing sjáanleg í auðninni.

Þegar við nálguðumst staðinn þar sem ópin virtust hafa átt upptök sín, varð fyrir okkur hár snarbrattur klettaveggur. Og undir klettinum mátti greina útlínur einhvers, sem lá þar grafkyrr. Þegar við komum nær varð okkur svo brugðið að við komum ekki upp orði – þar lá herra Henry Baskerville, höfuðkúpubrotinn eftir fallið ofan af klettinum! Við bárum þegar kennsl á rauðu ullarfötin, þau hin sömu og hann hafði klæðst þegar hann kom til okkar í Baker stræti.

„Hvers vegna fór hann aleinn á heiðina og hætti lífi sínu, eftir öll okkar varnaðarorð?“ andvarpaði ég.

Holmes kraup við líkið til að rannsaka það betur. „Sannaðu til, Watson, Stapleton skal fá að

svara fyrir þennan glæp. Ég er nú sannfærður um að það var hann sem kom með hundinn á heiðina, í þeim tilgangi einum að framkvæma þetta illvirki. Herra Charles og Henry hafa báðir verið myrtir – sá fyrri dó úr hræðslu við kvikindið, og sá síðari á flótta frá því. En nú verðum við að leita sannana fyrir tengslum á milli dýrsins og Stapletons ...“

Skyndilega breyttist rómur Holmes. Ég trúði varla eigin augum þegar hann fór að hoppa af kæti við hliðina á líkinu.

„Watson! Watson! Þessi maður er með alskegg! Sjáðu framan í hann! Þetta er ekki herra Henry Baskerville, þetta er Selden, strokufanginn!“

Skyndilega varð okkur báðum ljóst hvernig í öllu lá. Þegar herra Henry gaf Barrymore gömlu fötin sín hafði kona hans gefið þau bróður sínum, svo hann gæti betur dulist lögreglumönnunum og komist óáreittur ofan af heiðinni. Stapleton, aftur á móti, hafði notað stígvélaskóinn, sem hann stal af herra Henry í London, til að kenna hundinum að þekkja lyktina af fórnarlambi sínu, og dýrið hafði þess vegna haldið að strokufanginn væri herra Henry.

Holmes sneri sér að mér. „Við skulum hylja lík Seldons hér undir klettinum. En í fyrramálið læt ég lögregluna vita hvar það er niðurkomið.“

„Og hvað segjum við herra Henry þegar við komum aftur á setrið?“ spurði ég.

„Við segjum honum ekkert af hundinum.“ svaraði Holmes. „Við munum segja honum að Seldon hafi farist af slysförum þegar hann féll ofan af klettinum. Stapleton hefur boðið herra

Henry í kvöldmat annað kvöld, og þess vegna er best að hann viti sem minnst. Það mun gefa okkur færi á að sanna sekt Stapletons. En nú, minn kæri Watson, erum við aldeilis búnir að vinna fyrir kvöldverðinum okkar.“

Þetta kvöld skreið þokumistrið ofan af heiðinni og umvafði Baskerville setrið. Herra Henry varð mjög undrandi þegar Holmes sagði að hann ætti að fara einsamall til Stapleton systkinanna.

„Treystið mér,“ sagði Holmes. „Þótt ráð mín virðist undarleg í svipinn þá er mjög brýnt að þér fylgið þeim út í ystu æsar. Ég get fullvissað yður um að yður er engin hætta búin. Látið Perkins aka yður á hestvagninum að Merripitt húsi. Þegar þangað er komið skulu þér senda Perkins aftur heim en þér megið ekki gleyma að nefna það við Stapleton systkinin að þér ætlið að ganga heimleiðis yfir heiðina eftir kvöldverðinn. Við Watson verðum hér á setrinu og bíðum þess að þér komið aftur.“

Herra Henry fannst þetta undarleg ráðstöfun en samþykkti allt sem Holmes lagði til. Um leið og barónettinn var farinn með Perkins, sneri Holmes sér að mér. „Eftir fimmtán mínútur förum við á eftir honum. Ég er með skammbyssuna mína – vertu viss um að hafa þína meðferðis. Ég er ansi hræddur um að við munum hafa fulla þörf fyrir þær báðar í kvöld.“

Þegar við komum að Merripit húsi földum við Holmes okkur á bakvið grjóthaug, nokkur hundruð metra frá aðaldyrunum. Þar biðum við fáeinar stundir á meðan herra Henry lauk kvöldverðinum og væntum þess síðan að sjá hann ganga heim á leið.

Þokan þéttist umhverfis okkur og dimmur þokubakki grúfði yfir Grimpen mýri, skammt frá. Þá birtist mannvera í dyrunum – en það var ekki herra Henry, heldur Stapleton. Hann gekk að litlum kofa, sem stóð við hlið hússins, tók kofadyrnar úr lás og sneri aftur inn í húsið. Dyrnar á kofanum voru í hálfa gátt. Mér fannst sem ég heyrði hálfkæft más og brölt þar fyrir innan.

Holmes sneri sér að mér og lagði fingur að vör. „Nú styttist í að eitthvað gerist, Watson. Höfum hljótt um okkur þar til herra Henry kemur út.“

Augnabliki síðar opnuðust aðaldyrnar. Herra Henry og Stapleton stigu út á tröppurnar og skuggamynd þeirra bar við ljósið að innan. Fröken Stapleton sást hvergi og mennirnir tveir buðu hvor öðrum góða nótt.

Þokan þéttist enn yfir stígnum á meðan herra Henry gekk í áttina að felustað okkar. Aftur heyrði ég másað þunglega – og síðan hratt fótatak. Herra Henry leit snöggt um öxl en tók síðan til fótanna í áttina til okkar. Á sömu stundu

birtist hræðilegt skrímsli í þokunni fyrir aftan hann. Við Holmes stóðum sem steini lostnir af skelfingu.

Sannarlega var þetta hundur og það engin smásmíði, kolbikasvört skepna, en ekki í neinu líkur þeim hundum sem mennsk augu hafa áður litið. Logandi eldtungur slengdust út um gapandi ginið, augun glóðu í skærum bjarma og allt í kringum höfuð og háls skutust neistar og blossar. Þvílíkur óhugnaður var jafnvel ekki til í verstu martröðunum, ógurlegra villidýr eða viðbjóðslegra kvikindi en hin hræðilega skepna, sem stökk út úr þykkum þokuveggnum og stefndi beint að okkur.

Það var ekki fyrr en hundurinn þaut framhjá, á hælunum á herra Henry, að við gátum hrist af okkur slenið. Við hleyptum af báðum skammbyssunum í senn og skepnan rak upp skerandi vein um leið og hún féll steindauð til jarðar.

„Þetta er enginn draugur!“ hrópaði Holmes.

Herra Henry leit um öxl, kominn langleiðina eftir stígnum og andlit hans var náfölt í tunglsljósinu. Hann lyfti höndum af skelfingu og starði með hryllingi á skepnuna, sem hafði verið send honum til höfuðs.

„Almáttugur minn!“ hvæsti hann af æsingi. „Hvað var þetta eiginlega? Hvað í Guðs nafni var þetta?“

„Hvað sem það var, þá er það dautt,“ svaraði Holmes. „Við höfum fellt fjölskyldudrauginn í eitt skipti fyrir öll.“

En þrátt fyrir að skepnan lægi þar lífvana sýndust bláir logar enn leika um risastóra kjálkana, augun, sem lágu djúpt inni í höfðinu virtust skjóta neistum. Ég lagði höndina á glóandi trýnið en þegar ég lyfti henni upp geisluðu fingurnir með undarlegum bjarma.

„Fosfór,“ sagði ég. „Efninu hefur verið nuddað í feldinn á aumingja skepnunni svo hún glóði í myrkrinu. Þrátt fyrir stærðina virðist greyið hafa verið svelt. Stapleton hefur leyst dýrið úr kofanum og sleppt því lausu á bráð sína.“

Við létum barónettinn einan meðan hann jafnaði sig eftir þessa mikla raun og þustum inn í húsið en eins og okkur grunaði var Stapleton horfinn. Við fundum eiginkonu hans í einu af svefnherbergjunum á efri hæðinni, þar sem hún sat bundinn og kefluð.

Hún sagðist lengi hafa grunað eiginmann sinn um að vera valdur að dauða herra Charles. Hún hafði líka sannfærst um að hann væri að leggja á ráðin um að myrða herra Henry en hún hafi þagað af ótta um líf sitt.

„Eiginmaður minn hótaði að drepa mig ef ég segði nokkuð – og ég vissi að hann myndi standa við það," sagði hún. „Ég reyndi að vara herra Henry við, en eiginmaður minn lét okkur aldrei ein. En í kvöld sagði ég honum að ég myndi ekki þegja lengur. Viðbrögð hans voru að læsa mig hér inni og segja herra Henry að ég væri lasin og gæti ekki setið með þeim til borðs. En ég get sagt ykkur hvert hann hefur flúið. Í miðri Grimpen mýri er lítil eyja þar sem hann faldi hundinn, þangað er aðeins hægt að komast eftir hættulegum slóða. Ég er viss um að hann hefur farið þangað."

Þokan var svo þykk að eftirför reyndist ómöguleg þetta kvöld, svo það var ekki fyrr en morguninn eftir að við fetuðum hinn hættulega stíg sem lá yfir Grimpen mýri og út í eyjuna. Það hefði verið útilokað að finna leiðina í myrkri nætur. En við fundum hvorki tangur né tetur af Stapleton



– aðeins svartan stígvélaskó herra Henrys, sem Stapleton hafði stolið til að geta kennt hundinum að finna fórnarlamb sitt á lyktinni. Skórinn lá við bakkann þar sem flóttamaðurinn hafði misst hann, um leið og hann féll í hyldjúpa mýrina til móts við skelfilegan dauðdaga.

Síðar þann dag heimsótti Holmes frú Stapleton til að fá aðstoð hennar við að raða saman síðustu stykkjunum í þessu púsluspili. Þegar hann kom aftur að Baskerville setrinu sagði hann mér frá niðurstöðu sinni.

„Líkt og mig grunaði hafði Stapleton verið hér undir fölsku nafni. Hann var í raun réttri Jack Baskerville, sonur Rogers Baskerville, yngri bróður herra Charles. Hann hafði uppgötvað að aðeins þeir tveir, herra Charles og Henry

Baskerville, stæðu í veginum fyrir því að hann myndi erfa ættarauðinn.“

„En herra Henry sagði okkur að Roger Baskerville hefði aldrei eignast nein börn,“ sagði ég.

„Herra Henry vissi ekki betur,“ svaraði Holmes. „Þegar sonur Rogers Baskerville heyrði þjóðsöguna um hundinn áttaði hann sig á hvernig hann gæti losað sig við báða ættingja sína og setið einn að arfinum. Hann flutti frá Suður-Ameríku til Dartmoor og neyddi konu sína með sér. Til að forðast að vekja eftirtekt breytti hann nafni sínu í Stapleton. Hann kom við í London og keypti stærsta og grimmasta hundinn sem hann gat fundið. Jack Baskerville vissi vel að herra Charles var hjartveikur og ef hann ræki á svo hryllilega skepnu myndi það að öllum líkindum ríða honum að fullu. Örlög herra Henrys hefðu orðið mun verri – hundurinn hafði verið sveltur svo lengi að hann hefði drepið barónettinn, ef hann hefði náð honum.“

„En hvers vegna að láta líta út fyrir að eiginkona hans væri systir hans?“ spurði ég.

Holmes brosti. „Vafalaust hefur hann hugsað sér að herra Henry væri líklegri til að heimsækja Merripit, ef hina fögru ‚ungfrú Stapleton' væri þar að finna."

Ég færði mig að glugganum og leit yfir eyðilegt landslag heiðarinnar. „Það var snilldarbragð hjá honum að nota kemísk efni til að umbreyta grimmum hundi í yfirnáttúrulegan draugahund," sagði ég.

„Sannarlega. Maðurinn var hvort tveggja í senn: illa innrættur og eitursnjall – það er ærið varasöm blanda. En hið illa fær ævinlega makleg málagjöld í þessum heimi. Jack Baskerville liggur nú á botni Grimpen mýrar og hefur goldið fyrir glæpi sína. En, kæri Watson minn, nú þegar verki okkar er lokið hér í Devonhéraði skulum við snúa heim til London með síðdegislestinni. Eftir svona hrottalegt ævintýri eigum við sannarlega skilið ánægjulega og afslappaða kvöldstund. Ég legg til að við fáum okkur kvöldverð í veitingahúsi Marcinis og drífum okkur svo í óperuna!"

MEIRA UM SÖGUNA

Sígildar sögur

Þessi útgáfa af *Baskerville hundinum* er endursögn á meistaraverki Arthurs Conan Doyle. Ef þig langar að lesa söguna í fullri lengd og allri sinni dýrð, eru margar útgáfur í boði á frummálinu, hvort sem um er að ræða ódýrar pappírskiljur eða vandaðar innbundnar harðspjaldabækur. Það er auðvelt að finna eintak á næsta bókasafni, bókabúð eða á netinu. Árið 1978 gaf bókaforlagið Sögusafn heimilanna út íslenska þýðingu Ólafs H. Einarssonar á *Baskerville hundinum*.

Það sem upp á vantar

Þegar um stutta endursögn er að ræða er því miður nauðsynlegt að fella burt stóran hluta af sögunni. Margir spennandi viðburðir, hliðarsögur og ótal smáatriði hafa þurft að víkja. Sumt af því efni er mikilvægt fyrir aðalsöguna, annað síður mikilvægt, en allt eru það samt sem áður spennandi hlutar af heildarverkinu. Sums staðar hefur verið nauðsynlegt að fella tvo atburði saman í einn, eða gefa einni persónu orð og athafnir sem tilheyra öðrum persónum í frumverkinu. Stiklurnar hér fyrir neðan fylla upp í myndina að nokkru en ekkert kemur í stað þess að lesa og lifa sig inn í heildarverkið frá upphafi til enda.

- Þegar herra Henry Baskerville er kominn til London fær hann dularfullt bréf í hendur þar sem hann er varaður við að koma til heiðarinnar. Síðar tekst Sherlock Holmes að sanna að sendandi bréfsins var frú Stapleton.

- Þegar herra Henry og Watson læknir uppgötva að brytinn Barrymore er að gefa flóttamanninum Seldon, ljósmerki út um gluggann, fara þeir út á heiðina að leita hans. Þeir sjá hann álengdar en tekst ekki að ná honum.

- Það er maður að nafni Frankland sem segir Watson lækni hvar hann geti fundið hinn dularfulla aðkomumann á heiðinni. Frankland er sérvitur aðalsmaður sem skemmtir sér við að vera í stöðugum málaferlum við nágranna sína.

- Barrymore upplýsir að herra Charles hafi átt stefnumót við einhvern á Furustíg sama kvöldið og hann dó. Þessi aðili skrifaði bréf til herra Charles með undirskriftinni LL. Holmes og Watson komast að því að ‚LL' stendur fyrir Laura Lyons, sem er dóttir Franklands. Þeir komast einnig að því að það var Stapleton sem narraði stúlkuna til að óska eftir

stefnumóti við herra Charles, svo hann gæti látið hundinn lausan á þeirri stundu þegar herra Charles var í nágrenninu.

- Holmes og Watson finna gamla ljósmynd af herra Hugo Baskerville og sjá að það er sterkur svipur með Stapleton. Þetta verður þeim mikilvæg vísbending við lausn gátunnar.

- Holmes fær lögreglufulltrúann Lestrade til að koma frá London. Lestrade aðstoðar Holmes og Watson þegar þeir fylgja herra Henry eftir, á leið hans að Merripit húsi.

- Lokaatriði upphaflegu sögunnar á sér stað í London, þar sem Holmes og Watson eru komnir heim og ræða atburðarrás liðinna daga. Þeir velta því fyrir sér hvað hefði gerst ef Stapleton hefði tekist að losa sig við herra Henry og hvernig hann hefði getað gert tilkall til arfsins (sem Jack Baskerville) án þess að neinn bæri kennsl á hann. Holmes finnst líklegt að Stapleton hefði þá farið aftur til Suður-Ameríku og gert tilkall til arfsins þaðan, og aldrei látið sjá sig framar á heiðinni.

Bakgrunnur sögunnar

Bretland á lokaskeiði Viktoríutímans var land mikilla andstæðna. Þær mátti sjá annars vegar á milli London og annarra stórborga – með skærum gasljósum, fjölförnum götum, verslunum, skrifstofum og leikhúsum – og hins vegar hinna einangruðu sveita. Í *Baskerville hundinum* (sem á að gerast árið 1887 en var gefin út 1901) getur Watson læknir ferðast frá London til Dartmoor með eimreið á nokkrum klukkustundum en þegar þangað er komið taka við illfærir vegir, gönguslóðar og hestvagnar.
Í stað hinnar notalegu íbúðar í Baker stræti 221b kemur hrikalegt landslag heiðarinnar, sem fyrstu lesendum bókarinnar hefur þótt afskaplega spennandi umhverfi. Þótt Dartmoor nútímans sé orðin öll önnur, tekst Conan Doyle með sannfærandi frásagnartækni sinni, að mála upp fyrir okkur þá horfnu veröld þegar þar var enga malbikaða vegi að finna, enga bíla eða farsíma, sem gátu gagnast villtum ferðalangi og þar sem jafnvel auðugasta fólkið notaði kertaljós til að rata um húsið sitt í næturmyrkrinu.

Á þessum tíma voru einnig miklar andstæður á milli hinna miklu tækniframfara sem orðið höfðu í kringum aldamótin 1900 og hrifningar almennings á þjóðsögum, goðsögum og hjátrú. Conan Doyle hefur áreiðanlega lesið eða heyrt margar frásagnir af

risastórum svörtum draugahundum og öðrum álíka kvikindum, sem tilheyrðu heimi ímyndunaraflsins. Eitt af því sem gerir *Baskerville hundinn* svo spennandi sem raun ber vitni er að lesandinn er aldrei alveg viss um, fyrr en rétt í lokin, hvort hundurinn tilheyri þessum heimi eða hinum yfirnáttúrulega. Þó að Sherlock Holmes reyni að fullvissa menn um að slíkar sögur séu ‚ævintýri',þá er vísindamaðurinn Mortimer læknir ekki jafn viss né heldur hinar persónurnar. Öll sú tæknivæðing, sem síðan hefur átt sér stað, kemur heldur ekki í veg fyrir að nútíma lesendur njóti þess að vera dregnir upp á heiðarnar í Dartmoor, til stefnumóts við hræðilega skepnu, sem gæti allt eins verið draugur úr fortíðinni.

Viltu vita meira?

Við mælum með eftirtöldum bókum, vefsíðum og kvikmyndum ef þig langar að kynnast verkum Arthurs Conan Doyle betur og þeirri veröld sem hann lifði og hrærðist í.

Bækur

- Sir Arthur Conan Doyle, *The Adventures of Sherlock Holmes*, Penguin Popular Classics, 1994. Úrval af tólf sögum um Sherlock Holmes.
- Sir Arthur Conan Doyle, *The Lost World*, Penguin Red Classics, 2007.
- John Dickenson Carr, *The Life of Sir Arthur Conan Doyle*, Carrol & Graf, 2003.
- Terry Deary, *Vile Victorians* (Horrible Histories), Scholastic, 1994.
- Ann Kramer, *Victorians* (Eyewitness Guides), Doring Kindersley, 1998.

Vefsíður

- www.siracd.com

Mikið af upplýsingum um ævi og ritverk Arthurs Conan Doyle, m.a. um Sherlock Holmes sögurnar.

- www.221bakerstreet.org

Á vefsíðunni eru fjörutíu og átta sögur um Sherlock Holmes sem höfundarréttur er fallinn af (sem eru ekki lengur í eigu útgefanda eða erfingja). Þessar sögur er því hægt að lesa á skjánum, prenta út eða hlaða niður án endurgjalds. Þarna er einnig að finna fjölda myndskreytinga úr upphaflegu útgáfunum og margt fleira forvitnilegt.

- www.victorianweb.org

Vefsíða sem gefur góða innsýn í lífið á Viktoríutímanum í Bretlandi, hefur upplýsingar um fleiri rithöfunda og annað þekkt fólk auk þess að segja frá daglegu lífi almennings.

- www.bbc.co.uk/history/british/victorians

Vefsíða BBC um Viktoríutímann á Bretlandi, sneisafull af allskonar upplýsingum og skemmtilegheitum.

Kvikmyndir

The Hound of the Baskervilles (1959), Hammer Films, leikstjóri Terence Fisher.

The Hound of the Baskervilles (1965), BBC, leikstjóri Graham Evans.

Ef þú hefur kost á að sjá báðar þessar myndir, þá er áhugavert að bera saman þær ólíku leiðir sem hvor handritshöfundur og leikstjóri velur til að kvikmynda skáldsöguna. Fyrir utan þessar kvikmyndir framleiddi BBC sjónvarpsþáttaröð um ævintýri Sherlock Holmes frá 1984 til 1994. Þar fór breski leikarinn Jeremy Bratt á kostum í hlutverk Holmes en fyrir mörgum er hann hinn eini sanni Sherlock Holmes. Árið 2010 frumsýndi BBC nýja þáttaröð um Sherlock Holmes, þar sem sögusviðið er fært fram í nútímann. Báðar þáttaraðirnar eru fáanlegar á DVD.

Pælingar

Hér eru nokkur atriði til að pæla í ef þú ert að lesa Baskerville hundinn með sjálfum/sjálfri þér, eða til að ræða um ef þú ert að lesa söguna með vinum eða félögum. Í þessari endursögn hefur verið reynt að endurskapa eftir bestu getu upprunalegan söguþráð og persónur sem höfundurinn skóp. Hér hefur líka

verið reynt að líkja eftir þeim stíl sem einkennir verk Arthurs Conan Doyle. En mundu að þetta er ekki upphaflega verkið. Ef þú hugleiðir punktana sem hér fara á eftir getur þú öðlast dýpri skilning á vinnubrögðum höfundarins. En til að upplifa spennuna og hryllinginn fyrir alvöru er að sjálfsögðu best að sökkva sér ofan í skáldsöguna í fullri lengd.

Punktar

- Í kvikmyndaútgáfum sögunnar er Watson læknir stundum látinn vera hálfgerður kjáni og ekki sérlega gáfaður náungi. Hvað finnst þér um persónu hans?
- Getur þú fundið dæmi um snilli Sherlock Holmes í því að ná miklum upplýsingum út úr litlum og smávægilegum vísbendingum?
- Í upphafi skáldsögunnar eru ýmsir hlutir nefndir til sögu sem síðar reynast vera mikilvægar vísbendingar um lausn gátunnar. Getur þú fundið slík dæmi?
- Hefur sögusviðið, Dartmoor, einhverja sérstaka þýðingu fyrir áhrifamátt sögunnar?
- Hvernig fær höfundurinn okkur til að trúa því að hundurinn gæti verið yfirnáttúrleg skepna?

Þættir

Hvað finnst þér að höfundurinn sé að reyna að segja um eftirfarandi þætti í sögunni:

- trú á hið yfirnáttúrulega?
- makleg málagjöld – afleiðingar illverka?
- hugrekki andspænis hinu óþekkta?
- áhrifamátt landslags?

Frásögn og stíll

Geturðu fundið málsgreinar sem innihalda eftirfarandi dæmi:

- lýsing á umhverfi eða landslagi sem eykur við spennu og andrúmsloft sögunnar
- lýsingar á útliti persóna sem hjálpa lesandanum að fá skýra mynd af þeim
- skýr eða áhrifamikil ræða
- bréf, skýrsla eða frétt, sem rituð er í öðrum stíl en meginfrásögnin, til þess að gæða söguna fjölbreytileika og raunsæi

Skoðaðu vel hvernig þessar málsgreinar eru skrifaðar. Er eitthvað sérstakt við þær sem þú tekur eftir? Getur þú skrifað málsgrein með því að beita sömu brögðum?

FLEIRI BÆKUR Í SAMA FLOKKI









„Bókin er bæði dularfull og spennandi. Það kom mér á óvart hvernig Sherlock Holmes leysti gátuna."

Katrín Lára Garðarsdóttir 15 ára

Umhverfis líkið voru fótspor eftir gríðarstóran hund.

Þegar herra Charles Baskerville finnst látinn, með andlitið afmyndað af skelfingu, standa Sherlock Holmes og Watson læknir frammi fyrir flókinni og óhugnanlegri ráðgátu.

Hræðileg skepna leikur lausum hala á eyðilegum heiðum Dartmoor. Er skepnan illur andi frá fornri tíð? Búa félagarnir yfir nægu hugrekki og hæfileikum til að sigrast á henni?

Hver er hinn hávaxni og dularfulli maður sem sést hefur ráfa um heiðarnar að næturlagi?

Getur Holmes komið í veg fyrir að herra Henry, nýr eigandi Baskerville setursins, verði fórnarlamb hinnar fornu bölvunar sem hvílir á ætt hans? Eða mun skepnan skelfilega hafa betur að lokum?

NÁMSGAGNASTOFNUN
07073

ISBN 978-9979-0-1545-9